

Nd.

## 22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson.

1. gr. laganna skal orða svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenskar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935 eru útgerðarmenn sviptir því láns-trausti, sem þeir áður höfðu og hagnýttu sér til innkaupa á útgerðarvörum erlendis. Sjá erlendir seljendur sér yfirleitt ekki fært, meðan löggin eru framkvæmd eins og nú, að láta vörur af hendi við útgerðarmenn án bankatryggingar fyrir greiðslu á um-sömdum tíma, því synjun um yfirfærslu getur valdið vanskilum. Bankarnir munu hinsvegar tregir til, og stundum ófáanlegir til að gefa tryggingaryfirlýsingar. Liggur við borð, að þetta skapi útgerðinni óviðunandi verðlag á útgerðarvörum, svo sem oliu, kolum, salti og veiðarfærum, eða jafnvel stöðvi alveg ýmsa útgerðarmenn. Sýnist það ekki ná nokkurri átt að meina útgerðarmönnum að nota sinn eigin gjaldeyri til þess að kaupa vörur til útgerðarinnar og þannig tryggja öflun gjaldeyrisvaranna.“

Við meðferð málsins í báðum deildum fékkst viðurkenning þingmanna úr öllum flokkum fyrir nauðsyn og réttmæti frumvarpsins. Var mikill meiri hluti fyrir því í þessari deild að afgreiða það frá þinginu með nokkrum breytingum. En efri deild þvældi málið, svo það dagaði uppi.